

Umhverfissráðuneytið
Skuggasundi 1
150 Reykjavík

28. nóvember 2018

Mál nr. S-229/2018. Lagafrumvarp hollustuhættir og mengunarvarnir - umsögn.
Eftirfarandi er umsögn Samtaka heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi um einstakar greinar í ofangreindu lagafrumvarpi.

2. gr. Í frumvarpinu er rannsóknarstarfsemi undanþegin lögunum ef hún varir skemur en eitt ár. Þar sem mengandi losun getur átt sér stað á þeim tíma þarf að skoða þetta í því samhengi og því ætti rannsóknarstarfsemi ekki í öllum tilvikum að vera undanþegin lögunum.

34. gr. Mikilvægt er að fyrirtæki geri grein fyrir hlutfallslegri losun en ekki bara heildarlosun til að það sé samhengi við framleiðslu (stærð fyrirtækis). Minni losun helst oft í hendur við minnkaðan rekstur og öfugt. Ekki er því unnt að mæla árangur s.s. af minni losun nema hún sé sýnd sem hlutfallsleg losun.

46. gr. Lagt er til eftirfarandi breyting: Heimilt er heilbrigðisnefndum að setja gjaldskrá og innheimta gjald. Þannig verði heilbrigðisnefndum í stað sveitarstjórna falið það hlutverk að setja gjaldskrár fyrir eftirlitsskylda starfsemi í samræmi við framkvæmdina eins og hún er nú. Framkvæmdastjóri er þá ábyrgur fyrir útgáfu gjaldskráa.

Ekki ætti að binda útgáfu gjaldskráa við dagsetningu. Von er á skráningarreglugerð og þurfa heilbrigðisnefndir að hafa sveigjanleika til að geta breytt gjaldskráum sínum í takt við ákvæði reglugerðarinnar.

Lagt er til að ekki þurfi samþykki sveitarstjórna skv. þessari grein. Heilbrigðisnefndir eiga ekki að þurfa að óska eftir samþykki sveitarstjórna um framsal valds til framkvæmdastjóra eða starfsmanna. Betra væri að fela framkvæmdastjóra tiltekin verkefni í lögunum. Það þarf að tryggja áfram sjálfstæði heilbrigðisnefnda í stjórnsýslunni.

48. gr. Það er óeðlilegt í þessari grein að gert er ráð fyrir að ákvörðun heilbrigðisnefndar sé borin undir sveitarstjórn. Ákvörðun heilbrigðisnefndar verður að vera fullnaðarákvörðun í stjórnsýslunni að öðrum kosti er heilbrigðisnefnd ekki sjálfstæð í störfum sínum. Þetta kallar á aukið flækjustig í stjórnsýslunni og tefur fyrir afgreiðslu mála. Mikilvægt að mál séu afgreidd endanlega á fundi heilbrigðisnefndar.



SHÍ

Samtök heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi

49. gr. Starfsréttindi heilbrigðisfulltrúa eru felld niður og framkvæmdastjóri þarf ekki að hafa háskólapróf og staðgóða þekkingu á heilbrigðiseftirliti (niðurfelldur kafli). Með þessu ákvæði skapast óvissa hverjir séu hæfir til að sinna þessu starfi. Tekið er undir umsögn Félags heilbrigðis- og umhverfisfulltrúa hvað þetta atriði varðar. Mikilvægt er að skýr rammi sé utan um nám heilbrigðisfulltrúa og niðurfelling starfsréttinda hefði víðtækar breytingar í hinum ýmsu lögum. Skilgreina þarf og ramma inn hverjir hafa þær ríku heimildir sem felst í skoðun og ákvarðanatöku í heilbrigðiseftirliti. Það er varla markmið stjórnvalda að minnka kröfur til þeirra sem sinna þessum störfum en svo sannarlega opnar ákvæðið á það.

53. gr. Það þarf að gæta þess að heilbrigðisnefndir hafi sömu heimildir til gjaldtöku og talin er upp í 53. grein um gjaldskrá Umhverfisstofnunar. Heilbrigðisnefndir eru sjálfstætt stjórnvald og þurfa að hafa allar þessar sömu heimildir einnig heimild til álagningu stjórnvaldssektar.

55. gr. Það þarf betri lýsingu á þeim ferli sem fer af stað þegar heilbrigðisnefnd upplýsir um frávík þar sem til álita kemur að beita stjórnvaldssektum. Eðlilegra væri að útgefandi leyfis hafi jafnframt öll tæki til þess að knýja á um úrbætur hjá hinni leyfisskildu eða eftir atvikum skráningarskyldu starfsemi

59. gr. Í greininni kemur fram að heilbrigðisnefndir semji drög að samþykktum og breytingum á gjaldskrá á meðan verklagið er þveröfugt þ.e. að nefndin fær drög að samþykktum til yfirlstrar og staðfestingar frá sveitarstjórnnum. Opna þarf fyrir möguleika á hvoru tveggja að frumkvæði að breytingum á samþykktum geti komið hvort sem er frá sveitarfélögum eða heilbrigðisnefndum, eðlilegt er að heilbrigðisnefndir geri tillögu að breytingum á gjaldskrá heilbrigðiseftirlits en að ekki þurfi staðfestingu sveitarstjórna. Rétt er að fella niður umsagnarákvæði eins og lagt er til að heilbrigðisnefndir geri umsagnir um gjaldskrár sveitarfélaga.

60. gr. Með frumvarpsbreytingu er vald tekið af heilbrigðisnefndum, að takmarka og stöðva starfsemi og innsigla, reyndar er ákvæði í 63 gr. ákvæði um að heilbrigðisnefndir hafa heimild til bráðabirgðastöðvunar. Ef úrbótum er ekki sinnt. Þarf að vera unnt að stöðva starfsemi (ekki bara til bráðabirgða). Lagt er til að heimildir til stöðvunar starfsemi verði óbreytar í lögnum. Það þarf áfram að vera unnt að stöðva starfsemi að hluta til, það er vægara úrræði en að stöðva alla starfsemi fyrirtækisins.

61. gr. Áður mátti innheimta kostnað og dagsektir með fjárnámi en nú eru þær aðfararhæfar sem er sami hluturinn. Mikilvægt er að skýrt ákvæði sé um heimildir til innheimtu á kostnaði.

Í gildandi lögum renna dagsektir til reksturs heilbrigðiseftirlits eða sama stjórnvalds og lagði þær á sem er eðlilegt. Framkvæmd laganna hefur verið með þessum hætti úti á heilbrigðiseftirlitssvæðum án vandræða og er lagt til að þetta verði óbreytt í lögnum.



SHÍ

Samtök heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi

Röksemd: Við álagningu dagsekta getur skapast lögfræðikostnaður sem leggst á til viðbótar við innheimtu dagsekta. Ef dagsektir renna til sveitarfélaga sitja heilbrigðisnefndir uppi með lögfræðikostnaðinn þ.e. ef dagsektir fást ekki innheimtar. Skv. frumvarpi eiga dagsektir sem heilbrigðiseftirlit leggur á sveitarfélag að renna til þess sjálfs. Heilbrigðiseftirlit er ýmist rekið af einu sveitarfélagi eða mörgum. Dagsektir sem lagðar eru á Reykjavíkurborg renna óskiptar til borgarinnar, en dagsektir sem lagðar eru á t.d. Árborg myndu skiptast á milli sveitarfélaga á Suðurlandi. Álagning dagsekta skv. frumvarpinu á sveitarfélög er því málamyndagjörningur og getur jafnvel leitt til misræmis milli sveitarfélaga.

62. gr. Framkvæmastjóri og heilbrigðisfulltrúar þurfa að hafa skýra heimild til eftirlits, skoðunar og sýnatöku sem og myndatöku við eftirlit eins og í núgildandi lögum. Tillagan rýrir þessar heimildir.

67 gr. Nú ríkir stjórnsýsluleg óvissa þar sem skráningarreglugerð hefur ekki litið dagsins ljós og óvíst hvað kemur til með að standa í henni. Líklegt er að fyrirtæki komi til með að skrá sig sjálf, þá gengur grein 67 gr. um stjórnvaldssektir ekki upp með vísun í 1. mgr., þar getur aðili komist hjá stjórnvaldssekt sé hann skráður. Skilningurinn þarf að vera þannig að aðili geti fengið stjórnvaldssekt ef hann hefur hafið rekstur á röngum forsendum (þó svo að hann hafi skráð sig). Almenn þarf að vera breiðari möguleiki á beitingu stjórnvaldssekta s.s. þar sem brotið er gegn umhverfi og heilsu.

Mikilvægt er að leyfisveitandi hafi öll þvingunarúrræði þ.m.t. stjórnvaldssektir annað fyrirkomulag væri til þess fallið að auka flækjustig í stjórnsýslunni. Stjórnvaldi sem er treystandi til að leggja á dagsektir sem geta numið mörgum milljónum, ætti að vera treystandi til að leggja á stjórnvaldssektir.

Það er óeðlilegt að hafa þak á sektum 10 -25 milljónir geta verið lág tala ef t.d. þegar stórfyrirtæki eiga í hlut. Sektir á lögaðila þurfa að hafa mun hærra þak.



SHÍ

Samtök heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi

Atriði til viðbótar.

Það þarf að setja inn í löginn viðbótarákvæði í grein 65. um úrskurði: Að úrskurðir Úrskurðar og auðlindanefndar séu innsetningarhæfir hjá sýslumanni. Eins og málum er nú fyrir komið þarf að sækja um heimild dómstóla til að fara í innsetningu svo sem ef taka þarf hættulegan hund af heimili.

Skýra lagaheimild vantar um að heimild til handa heilbrigðisnefndum til að aflífa dýr sem tekin eru í vörslu sveitarfélaga. Samþykkir s.s. hunda- og kattasamþykktir eru settar á grundvelli laganna, sveitarfélög hafa heimild til að taka dýr í vörslu og láta aflífa á grunvelli laga um velferð dýra en heilbrigðisnefnd sem hefur yfirumsjón með framfylgd samþykkta hefur engar skýrar heimildir.

Nota hefði átt tækifærið og endurskoða viðauka. T.d. getur snyrtivöruframleiðsla verið framleiðsla á kremi í heimahúsi eða heil verksmiðja.

Dýraspítalar eru starfsleyfissskildir skv. viðauka IV en dýralæknastofur skv. viðauka V sem kemur sérkennilega fyrir sjónir. Betur hefði mátt skýra hvaða hestaheld er starfsleyfissskilyt. Frístundasvæði eru á viðauka V en ekki frekar sagt af hvaða stærð. Til vara er lagt til að sett verði vinna í gang við að endurskoða viðauka laganna.

Í greinargerð með frumvarpinu „Um 6. gr.“ kemur fram m.a.: „Í ljósi vilja Alþingis um að hafa verkaskiptingu Umhverfisstofnunar og heilbrigðisnefnda óbreytta um sinn er lagt til að starfsemi sem tilgreind er í viðauka III fari frá Umhverfisstofnun til heilbrigðisnefnda og lúti þar með þeirra eftirliti.“ SHÍ tekur undir þetta sjónarmið og leggur til að eftirlit skv. viðauka II gr. 6.4, 6.5. og 6.6. sem er m.a. þauleldi svína og kjúklinga ásamt mengunarvarnareftirliti með stærri sláturhúsum og mjólkurstöðvum verði fært aftur til heilbrigðisnefnda eins og það var fyrir umrædda breytingu skv. lögum nr. 66/2017.

Virðingarfyllst,

Þorsteinn Narfason,
meðstjórnandi SHÍ.